

61
17. apríl. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk handa stúdentum.* — Jafnframt því að senda hingað beiðni, hvar í lektor S. Melsteð fyrir hönd stúdenta á prestaskólanum og læknaskólanum í Reykjavík fer fram á, að þeim verði veittur styrkur, svo að þeir geti tekið á móti boði því, er þeim hefir verið gjört um að senda nokkra úr sínum flokki til að taka þátt í hinni fyrirhuguðu minningarhátíð háskólans í Kaupmannaböfn, hafið þjer, herra landshöfðingi í þóknanlegu brjefi frá 25 f. m. lagt það til, að veittur verði 400 kr. styrkur hvorum hinna tveggja stúdenta sem í ráði er að senda.

Út af þessu er eigi látið hjálfiða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að alls 800 kr. skulu hjer með veittar í ofangreindum tilgangi af hluta þeim, er ráðgjafinn hefir umráð yfir af fje því, er veitt er með 16. gr. fjárlaganna fyrir árin 1878 og 1879 til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma.

62
24. apríl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um vitagjald.* — Með þóknanlegu brjefi frá 22. p. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer fyrirspurn bæjarfógetans í Reykjavík um, hvernig reikna eigi vitagjald eptir lögum 12. apríl f. á., þegar svo stendur á, að eitthvert skip hafnar sig í sömu ferð bæði milli Reykjaness og Snæfellsjökuls og milli Snæfellsjökuls og Horns á Hornströndum, og hefir hann jafnframt látið það álit sitt í ljósi, að skipið eigi að borga vitagjald að eins á þeim stað, þar sem það fyrst kemur, og eptir þeim reglum sem gilda fyrir skip, er þangað koma, þannig að skip, sem fyrst kœmi til Reykjavíkur og síðan færi til Stykkishólms, ætti að eins að borga vitagjald í Reykjavík, 40 aura fyrir hvern ton, og skip, sem fyrst kœmi til Stykkishólms og síðan færi til Reykjavíkur, ætti einungis að greiða vitagjald í Stykkishólmi með 20 a. fyrir hvern ton. Þjer hafið, herra amtmaður, út af þessu látið í ljósi, að þýðing þessi á 1. gr. laga 12. apríl f. á. sje að vísu í sjálfu sjer eðlileg og sanngjörn, enda virðist hún eptir umræðunum á alþingi um mál þetta, að vera samkvæm tilgangi laganna, en að það að hinu leytinu sje vafasamt, hvort hún geti samrýmzt bókstaf laganna.

Út af þessu vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda þetta :

Með því að samkv. 1. gr. laga 12. apríl f. á., að eins þau skip eru skyld að greiða vitagjald, er hafna sig «einhversstaðar á vestur ströndum Íslands», og með því lögin ekki ákveða, að gjaldið skuli greitt optar en einu sinni í hverri ferð er skipið kemur að þessum ströndum annarsstaðar, fæ jeg ekki betur sjeð en að skilningur bæjarfógetans í Reykjavík á lögnum megi til sanns færast, þannig að gjald þetta að eins beri að greiða á þeirri höfn, er eitthvert skip fyrst kemur að milli Reykjaness og Horns á Hornströndum, þó það síðan sigli á aðrar hafnir innan þessara takmarka og að upphæð gjaldsins eigi að vera sú, er lögin tiltaka fyrir þá höfn, er gjaldið þannig fellur til borgunar á.

63
25. apríl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um búfræðing í Húnavatnssýslu.* — Eptir að sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefir tjáð sig fúsa á að leggja fram 200 kr. upp í árslaun Pjeturs búfræðings Pjeturssonar fyrir að láta sýslubúum í tje leiðbeiningar í jarðrækt, vil jeg samkvæmt tillögum amts-

ráðsins hjer með veita tjeðum búfræðingi aðrar 200 kr. fyrir yfirstandandi ár af fje því, **63**
er getur um í 10 gr. C. 5. fjárlaganna. 25. apríl.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og hefi jeg í dag sjálfur tilkynnt sýslumanninum í Húnavatnssýslu þennan úrskurð minn.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk handa barnaskólum* — **64**
Eptir að hafa meðtekið álit stiptsyfirvaldanna frá 21. f. m. um bónar- 25. apríl.
brjef er hingað höfðu komið um styrk af 1300 kr. þeim, er með 13. gr. C 6 fjárlaganna eru veittar barnaskólum fyrir árið 1879, hefi jeg af þessu fje veitt eptirnefndar upphæðir:

- 1, barnaskólanum í Flensborg í Álptaneshr. . 300 kr.
- 2, ——— - Vatnsleysustrandarhr. . 200 —
- 3, ——— á Eyrarbakka 200 —

Þetta er hjer með tjáð yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, er jeg bið afhentar hjálagaðar jarðabókarsjóðsávisanir á ofannefndar upphæðir.

— *Brjef landshöfðingja til Halldórs yfirkennara Friðrikssonar um viðgjörðina við dómkirkjuna.* — **65**
Í þóknanlegu brjefi frá 26. þ. m. hafið þjer, herra yfirkennari, 30. apríl.
samkvæmt ályktun á fundi, er þjer sem alþingismaður Reykvíkinga höfðuð kallað saman, skorað á mig, að jeg vildi leggja fyrir Jakob trjesmið Sveinsson, er stendur fyrir aðgjörð á dómkirkjunni, «að taka þann mann sjer til aðstoðar og umráða við steinsmiðina, sem «ætla mætti að fullt skynbragð bæri á húsagjörð úr steini, og hefði áður að þeim starfað. eða að öðrum kosti:

að jeg ljeti «hætta við kirkjusmið þessa, unz alþingi í sumar gæti sagt, hvort að aðgjörð «sú, sem nú virðist fyrirhuguð á kirkjunni, sje samkvæm því, sem það hafi ætlað til, «að yrði gjörð á henni, án þess þó að Reykjavíkurbúum standi nokkur kostnaður «af því».

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar það, er hjer segir:

Samningur sá, er samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 15. ágúst f. á. (stjórnartíð. B. 128) var gjörður við Jakob trjesmið Sveinsson, eptir að öllum smiðum hjer í bænum hafði verið boðið verk þetta, en hann einn tjáði sig fúsan til að taka smiðið að sjer, hefir nákvæmlega til tekið, hvernig verkið skuli leyst af hendi og áskilið að kirkjan, þegar verkið sje fullbúið, skuli afhent með löglegri úttekt, og að hið umsamda verkkaup fyrst þá verði fullborgað, er búið sje á áminnztan hátt að gjöra út um það, hvort verkið sje viðunanlega af hendi leyst samkvæmt samningnum. Það er því auðvitað, að landshöfðingja vantar heimild til að skipa yfirsmiðnum, hverja menn hann skuli hafa sjer til aðstoðar við smiðið, en úttektarmennirnir verða á sínum tíma að deæma um það, hvort verkið sje traustlega og óaðfinnanlega af hendi leyst, og mun það varða yfirsmiðnum ábyrgð, ef þá koma fram gallar á smiðinni, annað hvort af því að verkamenn þeir, er hann hefir haft sjer til aðstoðar, ekki hafa borið skynbragð á vinnu sína, eða af öðrum ástæðum. Á hinn bóginn mun yður kunnugt, að Jakob trjesmiður Sveinsson hafi með miklum kostnaði gjört tilraun til að ráða sjer til aðstoðar útlendan steinsmið, og hefir hann, þegar þessi tilraun misheppnaðist, tjáð mjer, að hann hafi gjört ráðstöfun til að fá svo fljótt sem unnt er annan steinsmið frá útlöndum.